

## SKIPTI

Kristján frá Djúpalæk

Hænan sagði við hundinn:  
Hve hefur þú fallet skott.  
Hundurinn starði á stéllið:  
Þitt stél er nú líka flott.

-Þá skulum við bara skipta!  
Og skiptin, þau gengu vel.  
Hænan nú hringar skottið.  
Hundurinn sperrir stél.

## Litla kvæðið um litlu hjónin

Davíð Stefánsson

Við lítinn vog, í litlum bæ  
er lítið hús.  
Í leyni inni í lágum vegg  
er lítil mús.  
Um litlar stofur læðast hæg  
og lítil hjón,  
Því lágvaxin er litla Gunna  
og litli Jón.

Þau eiga lágt og lítið borð  
og lítinn disk  
og litla skeið og lítinn hníf  
og lítin fisk  
og lítið kaffi, lítið brauð  
og lítil grjón,  
Því lítið borða litla Gunna  
og litli Jón.

Þau eiga bæði létt og lítil  
Leyndarmál,  
og lífið gaf þeim lítinn heila  
og litla sál.  
Þau miða allt sitt litla líf  
við lítinn bæ  
og lágann himin, litla jörð  
og lygnan sæ.

Þau höfðu lengi litla von  
um lítil börn,  
sem léku sér með lítil skip  
við litla tjörn,  
en loksins sveik sú litla von  
þau litlu flón,  
og lítið elskar litla Gunna  
hann litla Jón.

## Mitt Faðirvor

Kristján frá Djúpalæk

Ef öndvert allt þér gengur  
Og undan halla fer,  
Skal sókn í huga hafin,  
Og hún mun bjarga þér.  
Við getum eigin ævi  
í óskafarveg leitt,  
og vaxið hverjum vanda,  
sé vilja beitt.

Hvar einn leit naktar auðnir,  
Sér annar blómaskrúð.  
Það verður, sem þú væntir.  
Það vex, sem að er hlúð.  
Þú rækta rósir vona  
Í reit þíns hjarta skalt,  
Og búast við því bezta,  
Þó blási kalt.

Þó örlög öllum væru  
á ókunn bókfell skráð,  
það næst úr nornahöndum,  
sem nógu heitt er þráð.  
Þrjú orð að endurtaka  
ég er við hvert mitt spor:  
Fegurð, gleði, friður  
mitt faðirvor.

## Nú sefur jörðin

Davíð Stefánsson

Nú sefur jörðin sumargræn.  
Nú sér hún rætast hverja bæn  
og dregur andann djúpt og rótt  
um draumbláa júlínótt.

Við ystu hafsbrún sefur sól,  
og sofið er í hverjum hól.  
Í sefi blunda svanabörn  
og silungur í læk og tjörn.

Á túni sefur bóndabær,  
Og bjarma á þil og glugga slær.  
Við móðurbrjóstin börnin fá  
þá bestu gjöf, sem lífið á.

Nú sofa menn og saklaus dýr.  
Nú sofa dagsins ævintýr.  
Nú ríkir þögn að ysta ós,  
svo ekkert vekur þyrnirós.

## Kvæðið um fuglana

Atli Heimir Sveinsson / Davíð Stefánsson

Snert hörpu mína, himinborna dís,  
svo hlusti englar guðs í Paradís.  
Við götu mína fann ég fjalarstúf  
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó  
ég fugla skar og líka' úr smiðjumó.  
Í huganum til himins oft ég svíf  
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,  
og sumir verða alltaf lítil börn.  
En sólin gyllir sund og bláan fjörð  
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri' í fjarska villtan vængjabyt.  
Um varpann leikur draumsins perluglit.  
Snert hörpu mína himinborna dís,  
og hlustið, englar guðs í Paradís.

## **Vor í Vaglaskógi**

Jónas Jónasson – Kristján frá Djúpalæk

Kvöldið er okkar og vor um Vaglaskóg,  
við skulum tjalda í grænum berjamó.  
Leiddu mig vinur í lundinn frá í gær,  
lindin þar niðar og birkihrísland grær.

Leikur í ljósum lokkum og angandi rósum,  
leikur í ljósum lokkum hinn vaggandi blær.

Daggperlur glitra um dalinn færast ró,  
draumar þess rætast sem gistir Vaglaskóg.  
Kveldrauðu skini á krækilyngið slær.  
Kyrrðin er friðandi, mild og angurvær.

Leikur í ljósum lokkum og angandi rósum,  
leikur í ljósum lokkum hinn vaggandi blær.